

Launakostnaður óviða hærri en á Íslandi árið 2007

Formáli

Fyrr á þessu ári birti Hagstofa Íslands alþjóðlegan samanburð á heildarlaunakostnaði¹ árið 2004 (e. Labour Cost Survey) á almennum markaði. Samanburður þessi er gerður á fjögurra ára fresti af Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat). Helstu niðurstöður hvað Ísland varðar voru þær að í þeim atvinnugreinum sem könnunin náði til var launakostnaður á Íslandi í öllum tilvikum hærri en að meðaltali í ESB ríkjunum 27. Launakostnaður var einnig hærri hér á landi í þremur atvinnugreinum af fjórum en að meðaltali í ríkjunum sem nota evru.

Hvað Ísland varðar nær könnunin til fjögurra atvinnugreina, þ.e. iðnaðar, byggingarstarfsemi, verslunar og samgöngna². Árið 2004 var heildarlaunakostnaður í iðnaði að meðaltali 24,8 evrur á klst. á Íslandi en 25,2 evrur að meðaltali í evruríkjunum og í byggingarstarfsemi var hann 29,0 evrur á Ísland en 20,2 í evruríkjunum. Í verslun var heildarlaunakostnaður 22,5 evrur á klst. á Íslandi en 20,7 í evruríkjunum og í samgöngum var hann 27,4 evrur á Íslandi en 23,6 í evruríkjunum. Samanveginn³ var heildarlaunakostnaður í þessum atvinnugreinum 25,9 evrur á Íslandi en 23,0 evrur í evruríkjunum eða 13% hærri á Íslandi að meðaltali.


Heildarlaunakostnaður á vinnustund í evrum árið 2004

	Ísland	Evruríkin	Mismunur
Iðnaður	24,8	25,2	-2%
Byggingarstarfsemi	29,0	20,2	44%
Verslun	22,5	20,7	9%
Samgöngur	27,4	23,6	16%
Alls	25,9	23,0	13%

¹ Upplýsingar um heildarlaunakostnað íslenskra fyrirtækja byggja einvörðungu á gögnum sem skráð eru í launabókhalda og safnað er í launarannsókn Hagstofunnar. Heildarlaunakostnaði er skipt í tvo meginhluta, laun og annan launakostnað. Til launa teljast grunndagvinnulaun, álagsgreiðslur, kostnaðargreiðslur, bónusgreiðslur, ákvæðisgreiðslur, vaktaálag, yfirvinnulaun, óreglulegar greiðslur, nefndarlaun, hlunnindi, önnur laun, orlofsgreiðslur og greiðslur í starfsmenntasjóði. Til annars launakostnaðar teljast framlög launagreiðanda í lífeyrissjóði, sjúkrasjóði, greiðsla tryggingar- og orlofsheimilassjóðsgjalds auk launa í veikindum.

² Full nöfn atvinnugreinanna eru iðnaður (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), verslun og ýmis viðgerðarþjónusta (G) og samgöngur og flutningar (I).

³ Vægi atvinnugreinanna á Íslandi er þannig að iðnaður vegur 41%, byggingarstarfsemi 18%, verslun 15% og samgöngur 25%.



Framreikningur launakostnaðar til miðs árs 2007

Frá árinu 2004 hafa laun hækkað mikið á Íslandi og mun meira en í löndum innan Evrópusambandsins, hvort sem hækkanirnar eru bornar saman við Evrópusambandið í heild eða evruríkin. Launavísitala Hagstofu Ísland hækkaði um 26,6% frá meðaltali ársins 2004 til 2. ársfjórðungs 2007 en vísitala launakostnaðar hækkaði heldur minna en launavísitalan, eða um 24,3%, sem skýrist af mismunandi skilgreiningum og aðferðum. Á 2. ársfjórðungi 2007 var gengi krónunnar 1,4% hærra gagnvart evru en að meðaltali árið 2004 þannig að í evrum reiknað hækkaði heildarlaunakostnaður á Íslandi um 26,1% að jafnaði á þessu tímabili. Til samanburðar hækkaði heildarlaunakostnaður á sama tímabili um 9,9% að meðaltali í evruríkjunum. Launakostnaður hækkaði þar af leiðandi um 14,7% meira á Íslandi en í evruríkjunum⁴.


Heildarkostnaður á klst. 30% hærrí á Íslandi en í evruríkjunum

Framreikningur niðurstaðna ársins 2004 fram til 2. ársfjórðungs 2007 leiðir í ljós að heildarlaunakostnaður á Íslandi í atvinnugreinunum fjórum er orðinn mun hærrí en að meðaltali í evruríkjunum. Mestu munar í byggingarstarfsemi þar sem launakostnaður er 66% hærrí, þar á eftir koma samgöngur með 29% hærrí kostnað, þá verslun með 26% hærrí kostnað og loks kemur iðnaður með 13% hærrí kostnað en í evruríkjunum.

⁴ Eurostat: Labour cost index


Heildarlaunakostnaður á vinnustund í evrum á 2. ársfjórðungi 2007

	Ísland	Evruríkin	Mismunur
Iðnaður	31,9	28,1	13%
Byggingarstarfsemi	36,6	22,0	66%
Verslun	28,5	22,6	26%
Samgöngur	33,3	25,7	29%
Alls	32,6	25,1	30%




Ísland í efstu sætum í öllum atvinnugreinum

Framreikningur könnunar Hagstofunnar og Eurostat til 2. ársfjórðungs 2007 á vegnu meðaltali heildarlaunakostnaðar á klst. í atvinnugreinunum fjórum í evruríkjunum 13 auk Bretlands, Danmerkur, Svíþjóðar og Íslands leiðir í ljós að launakostnaður er hærrí á Íslandi en í flestum evruríkjunum, en hann er einungis hærrí í Danmörku þegar litið er til allra landanna í samanburðinum. Ísland trónir á toppnum í tveimur atvinnugreinum af fjórum. Á heildina litið er launakostnaður 32,6 evrur á klst. á Íslandi en 33,6 evrur í Danmörku. Hæstur launakostnaður í evruríkjunum er í Hollandi en launakostnaður í flestum evruríkjum er á bilinu 25-30 evrur. Lægstur launakostnaður er í Portúgal og Slóveníu, 10 og 11 evrur.




Launakostnaður í iðnaði 2007

Launakostnaður í iðnaði hækkaði, í evrum reiknað, um 28,7% á Íslandi frá 2004 til 2. ársfjórðungs 2007 en um 11,7% í evruríkjunum þannig að hækkunin á Íslandi var 15,2% meiri. Framreikningur leiðir í ljós að á 2. ársfjórðungi er launakostnaður í iðnaði hæstur í Þýskalandi og Hollandi, 36 evrur á klst., en þar á eftir koma Danmörk, Svíþjóð, Belgía og Ísland með 33-34 evrur. Eins og í öðrum atvinnugreinum þá skera Portúgal og Slóvenía sig úr í samanburði meðal evruríkjanna hvað varðar lágan launakostnað.




Launakostnaður í byggingastarfsemi árið 2007

Heildarlaunakostnaður í byggingastarfsemi hækkaði, í evrum reiknað, um 26,2% frá 2004 til 2. ársfjórðungs 2007 samanborið við 8,8% á evrusvæðinu þannig að hækkunin á Íslandi var 15,9% meiri. Heildarlaunakostnaður í þessari grein var hærri á Íslandi á 2. ársfjórðungi 2007 en í öllum löndunum sem samanburðurinn nær til. Samkvæmt framreikningi nemur hann 37 evrum á klst. á Íslandi á 2. ársfjórðungi 2007 en þar á eftir kemur Danmörk með 35 evrur og Holland með 32 evrur. Hár kostnaður á Íslandi skýrist að hluta til af miklum yfirvinnugreiðslum í samanburði við aðrar þjóðir og vegur þessi þáttur líklega þyngra en í öðrum atvinnugreinum.



Heildarlaunakostnaður í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu

Heildarlaunakostnaður í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu hækkaði, í evrum reiknað, um 26,5% frá 2004 til 2. ársfjórðungs 2007 samanborið við 9,0% á evrusvæðinu þannig að hækkunin á Íslandi var 16,0% meiri. Launakostnaður á 2. ársfjórðungi 2007 var hæstur í Danmörku, 32 evrur á klst. en síðan komu Belgía, Svíþjóð og Holland með 29 evrur. Ísland er í fimmta sæti í þessum samanburði með 28 evrur á klst.



Samgöngur og flutningar

Heildarlaunakostnaður í samgöngum og flutningum hækkaði, í evrum reiknað, um 21,5% frá 2004 til 2. ársfjórðungs 2007 samanborið við 9,1% á evrusvæðinu þannig að hækkunin á Íslandi var 11,3% meiri. Launakostnaður í þessari atvinnugrein var hærri á Íslandi en í öllum evruríkjunum og jafnhár og í Danmörku, 33 evrur á klst.

